

reglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Halldór Fannar Ellertsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Föstudaginn 13. nóvember 1981.

Nr. 28/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Alfreð Gústaf Maríussyni

(Gunnar Sólnes hrl.).

Áfrýjun. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds „til styttingar á tíma ökuleyfissviptingar“, en ákærði lýsti sig vilja tala dóminum, er honum var birtur hann hinn 17. september 1980.

Ákærði er fæddur 7. mars 1962. Hann var því ekki fullra 18 ára, er hann framdi það brot, sem hann sætti fyrir fjársekt og sviptingu ökuleyfis með dómssátt í sakadómi Dalvíkur 5. mars 1980. Hefur það því ekki ítrekunaráhrif á það brot, sem ákæran í þessu máli tekur til, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tilgangur ákærvalds með áfrýjun héraðsdóms, sá sem að framan var greindur, stendur því ekki í vegi, að ákvæði

dómsins um refsingu ákærða komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti jafnframt ákvæðum hans um ökuleyfissviptingu, að því leyti sem leiða kynni til refsiviðurlaga, er hagfelldari væru ákærða en dæmd voru með hinum áfrýjaða dómi.

Að því athuguðu, sem að framan er sagt, og að öðru leyti með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem í ákæruskjali greinir, verður ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða staðfest og refsing hans ákveðin 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er með skírskotun til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 5. mars 1981 að telja, en þá rann út ökuleyfissvipting hans samkvæmt dómssáttinni 5. mars 1980, og hefur hann ekki fengið ökuskírteini sitt síðan.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um greiðslu sakarkostnaðar.

Að kröfu ákæruvalds ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Alfreð Gústaf Mariússon, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 5. mars 1981 að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Dalvíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 8. júlí 1980, var þingfest og dómtekið fyrr í dag. Málið er höfðað „á hendur Alfreð Gústaf Mariússyni verkamanni, Jaðri á Dalvík, fæddum 7. mars 1962 í Hafnarfirði, fyrir að aka, laugardaginn 17. maí 1980, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni A 4257 frá stað norðan við Hof í Arnarneshreppi suður þjóðveginn, uns ákærði missti stjórn á bifreiðinni skammt norðan heimreiðarinnar að Spónagerði þar í hreppnum og hún valt út af veginum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. (sic) og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1980 5/3 á Dalvík: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 5/3 1980.

Málavextir.

Laugardaginn 17. maí 1980, um kl. 1625, barst tilkynning á lögreglustöðina á Akureyri um, að bifreiðin A 4257 hefði lent vestur af Ólafsfjarðarvegi skammt norðan heimreiðarinnar að Spónsgerði og oltið þar. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang, og skammt sunnan við slysstaðinn mættu þeir bifreið, sem í voru fjórir menn, sem höfðu verið í fyrrgreindu slysi. Meðal þessara manna var Alfreð Gústaf Mariússon, fæddur 7. mars 1962, til heimilis að Jaðri, Dalvík, sem er ákærði í máli þessu. Þeir, sem með ákærða voru í bifreiðinni A 4257 í greint sinn, voru Hermann Rúnar Stefánsson, fæddur 27. febrúar 1962, til heimilis að Akurgerði 3 D, Akureyri, Helgi Bergsson, fæddur 4. október 1962, til heimilis að Aðalstræti 36, Akureyri, og Gunnhallur Gunnhallsson, fæddur 8. apríl 1962, til heimilis að Hafnarstræti 25, Akureyri, og mun hann vera eigandi bifreiðarinnar A 4257. Þegar lögreglumennina bar að, voru allir þessir menn undir áhrifum áfengis. Kváðust menn þessir hafa verið að koma frá Siglufirði og verið á leið suður Ólafsfjarðarveg, er

bifreiðin hefði lent út af og oltið. Enginn manna þessara hafði hlotið alvarleg meiðsl. Í fyrstu kváðu menn þessir fimmta mannninn hafa ekið bifreiðinni A 4257, sem þeir þekktu ekki, en eftir veltuna hefði hann fengið far til Dalvíkur með bifreið, er hefði átt þar leið hjá. Í framhaldi af þessu var ákærði ásamt félögum sínum færður á lögreglustöðina á Akureyri, þar sem lokið var við rannsókn málsins með því m. a. að taka úr þeim blóðsýni, en að því loknu voru þeir færðir í fangageymslur.

Í beinu framhaldi af þessu hinn 18. maí 1980, um kl. 0940, var Hermann Rúnar Stefánsson í skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni. Hermann skýrir svo frá, að föstudagskvöldið 16. maí sl. hafi hann ásamt Gunnhalli og Helga farið á dansleik í Freyvangi á bifreiðinni A 4257. Hafi þeir allir verið eitthvað undir áfengisáhrifum, en ökumaður bifreiðarinnar hafi verið Valgarður Jónasson, en hann hafi ekki neytt áfengis, svo að Hermann vissi. Hermann kvað þá félagar hafa stansað stutt í Freyvangi og hafi þeir fljótlega farið aftur til Akureyrar. Valgarður hafi þá ekið bifreiðinni heim til sín í Langholt og hafi hætt akstri og annað hvort Gunnhallur eða Helgi hafi síðan tekið við akstrinum. Þegar þessi ökumannaskipti hafi farið fram, hafi Hermann verið orðinn það ölvaður, að hann muni ekki greinilega atvik, en Helgi og Gunnhallur hafi eflaust báðir verið eitthvað drukknir, þegar annar hvor þeirra hafi tekið við akstri. Hermann vissi ekki á þessari stundu, hvort ákveðið var að aka til Siglufjarðar, strax eftir að þeir fóru frá Akureyri, en ferðin hafi endað á Siglufirði allt að einu. Hermann kveðst lítið muna eftir ferð þessari, þar sem hann hafi sofið af og til vegna ölvunar sinnar, og ekki vissi hann, hvort Helgi og Gunnhallur hefðu skipst á um að aka bifreiðinni. Ekki vissi Hermann, hvenær þeir komu til Siglufjarðar eða hvenær þeir fóru þaðan aftur, en hann rámaði í, að á báðum leiðum hefði verið ekið í gegnum Ólafsfjörð og Lágheiði. Hermann skýrði svo frá, að hann minnti, að þegar þeir komu til Dalvíkur á leið til Siglufjarðar, þá hafi þeir tekið Alfreð Mariússon með sér í bifreiðina, og Hermann kveðst halda, að þá hafi hann verið ölvaður. Ekki vissi Hermann, hvort ákærði ók eitthvað af leiðinni frá Dalvík til Siglufjarðar og aftur til baka. Hermann kveðst hafa verið hálfsofandi á leiðinni til Akureyrar frá Dalvík og man lítið eftir ferðinni, fyrr en hann vaknaði upp við það, að bifreiðin var að velta og eftir veltuna hafi hún stöðvast á hjólunum. Hermann kvað þá alla hafa verið ómeidda og hafi þeir

skriðið út úr bifreiðinni. Hermann kvað þá félaga hafa verið komna af stað sem farþega í annarri bifreið, þegar lögreglan hafi komið þarna að og hafi flutt þá á lögreglustöðina á Akureyri. Hermann kveðst álíta, að það hafi verið ákærði, sem hafi verið ökumaður, þegar bifreiðin A 4257 fór út af og valt.

Sama dag, kl. 1020, var ákærði í skýrslutöku hjá rannsóknar-lögreglunni. Ákærði skýrði svo frá, að það muni hafa verið komið undir morgun aðfaranótt sl. laugardags, 17. maí 1980, þegar hann hafi verið staddur hjá versluninni Hóli á Dalvík, þá hafi bifreiðinni A 4257 verið ekið upp að versluninni og í bifreiðinni hafi verið piltar, sem hann kveðst hafa kannast við, en það hafi verið Gunnhallur, Helgi og Hermann, og þegar ekið var að versluninni Hóli, hafi Helgi verið ökumaður. Ákærða virtust allir þessir menn vera undir áhrifum meira og minna, og sjálfur kveðst hann hafa verið allölvaður. Ákærði kvað þá félaga hafa sagt sér, að þeir hefðu verið að koma frá Ólafsfirði, og það hafi orðið úr, að hann hafi fengið far með þeim, og þá hafi verið ákveðið að fara til Siglufjarðar og því ekið aftur til Ólafsfjarðar og síðan yfir Lágheiði og til Siglufjarðar. Ákærði kvað Helga hafa ekið allan tímann frá Dalvík til Siglufjarðar og aftur til baka til Dalvíkur. Ákærði kveðst hafa sofið smástund og kveðst ekki geta fullyrt um, hver hafi ekið á meðan. Ákærði kvað þá félaga hafa þurft að stansa um stund á Siglufirði, vegna þess að bifreiðin varð bensínlaus, og hafi þeir ekki fengið bensín strax, þar sem ekki var búið að opna bensínsöluna. Strax eftir að þeir félagar fengu bensín, hafi þeir haldið af stað aftur til Dalvíkur. Síðan kveður ákærði þá félaga hafa ekið beint í gegnum Dalvík og ekið áleiðis til Akureyrar og það muni hafa verið skammt norðan við Hof í Arnarneshreppi sem hann hafi tekið við akstri bifreiðarinnar A 4257 af Helga Bergssyni. Ákærði kveðst hafa ekið þarna suður á veginn í þriðja gangstigi af fjór-um og hafi því ekki ekið mjög greitt. Ákærði kveðst síðan hafa lent í lausamöl á vegarkantinum og hafi hann þá misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún hafi kastast sitt á hvað til hliðanna á veginum og að síðustu hafi hann misst bifreiðina vestur af veginum, þar sem hún hafi oltið einn hring og stöðvast síðan á hjólunum. Ákærði kvað þá alla hafa verið ómeidda eftir þessa veltu og hafi þeir komist hjálparlaust út úr bifreiðinni. Ákærði kvað þá hafa verið rétt komna upp í aðra bifreið, sem var á leið til Akureyrar, þegar lögreglan hafi komið þarna að og flutt þá á lögreglustöðina á Akureyri. Ákærði

viðurkennir, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum, þegar þetta óhapp átti sér stað. Ákærði kvað þá alla hafa verið að neyta áfengis í bifreiðinni undanfarna klukkutíma og hafi þeir því allir verið drukknir.

Sama dag, kl. 1100, var tekin skýrsla af Helga Bergssyni hjá rannsóknarlögreglu. Í þessari skýrslu kemur fram, að þeir félagar hafi farið á dansleik í Freyvangi og verið þar til fram undir lok hans, en þá hafi þeir farið aftur til Akureyrar. Valgarður hafi ekið allan þennan tíma og hafi hann ekki smakkað áfengi. Valgarður hafi síðan ekið heim til sín í Langholt og þar hafi Gunnhallur tekið við akstrinum og ekið norður fyrir Akureyri og þá hafi Helgi tekið við akstrinum og hafi ekið til Ólafsfjarðar og síðan aftur til Dalvíkur og þaðan til Ólafsfjarðar og síðan til Siglufjarðar. Frá Siglufirði hafi þeir lagt af stað um kl. 1300 áleiðis til Akureyrar. Helgi kveðst hafa ekið allan þennan tíma, frá því hann hafi tekið við af Gunnhalli og þar til skammt norðan við Hof í Arnarneshreppi, en þá kveðst Helgi hafa verið orðinn það syfjaður, að hann hafi skipt við Alfreð Mariússon, sem tekinn hafi verið upp í bifreiðina á Dalvík, áður en þeir fóru til Siglufjarðar. Helgi kvað Alfreð síðan hafa verið búinn að aka skamman spöl, þegar hann missti bifreiðina út af veginum og velti henni. Helgi kvað Alfreð hafa ekið fremur ógætilega um það leyti er hann missti bifreiðina út af veginum, sérstaklega miðað við það, að rigning var, og þurrkur bifreiðarinnar voru bilaðar og því sást illa út.

Sama dag, kl. 1130, var tekin skýrsla af Gunnhalli Gunnhallsyni hjá rannsóknarlögreglunni. Gunnhallur skýrir svo frá, að föðursystir hans, Lára Thorarensen, sé eigandi að bifreiðinni A 4257 og hafi hann haft bifreiðina til umráða undanfarna daga. Föstudagskvöldið 16. maí 1980 hafi hann verið við vındrykkju með Hermanní Stefánssyni og Helga Bergssyni. Hann kveður þá hafa ætlað í Freyvang og hafi hann þá fengið Valgarð Jónasson, sem muni eiga heima í Lyngholti 20, til að aka bifreiðinni A 4257 fram í Freyvang og síðan aftur til Akureyrar, þar sem allir hinir hafi verið undir áfengisáhrifum. Gunnhallur kveðst hafa tekið við akstri bifreiðarinnar A 4257 einhvers staðar á Akureyri, en síðan kveðst hann ekki muna fyrir víst, hvar það var. Hins vegar kveðst Gunnhallur muna, að hann hafi ekið norður fyrir Akureyri og þar hafi Helgi Bergsson tekið við akstrinum. Gunnhallur kveðst muna, að hann vildi ekki aka meira, þar sem rigning hafi verið og þurrkur bifreiðarinnar hafi

verið bilaðar, þannig að illa sást út. Gunnhallur kveðst aðeins hafa ekið stuttan spöl norður fyrir Akureyri og síðan ekkert eftir það. Helgi hafi síðan ekið norður á Árskógsströnd og þar hafi Hermann tekið við akstrinum og hafi ekið eitthvað um Árskógsströnd og síðan hafi Helgi tekið við aftur. Helgi hafi síðan ekið til Dalvíkur og síðan til Ólafsfjarðar og svo aftur til Dalvíkur. Þegar þeir félagar hafi komið til Dalvíkur frá Ólafsfirði, hafi þeir tekið einhvern strák upp í bifreiðina, en hafi síðan ekið honum heim til sín á Dalvík skömmu seinna. Síðan hafi þeir tekið Alfreð Mariússon, ákærða, upp í bifreiðina og hann hafi verið með þeim í bifreiðinni, þar til hún valt. Frá Dalvík hafi þeir farið aftur til Ólafsfjarðar og síðan yfir Lágheiði til Siglufjarðar. Gunnhallur kveðst ekki muna, hvenær þeir fóru frá Siglufirði, en þaðan hafi þeir farið beina leið, að hann telur, í gegnum Ólafsfjörð og Dalvík til Akureyrar. Helgi hafi ekið þessa leið, þar til Alfreð Mariússon tók við, og rétt á eftir velti hann bifreiðinni. Gunnhallur kveðst hafa verið sofandi í framseti bifreiðarinnar, þegar hún valt, og getur ekki sagt meira um aðdragandann að því, þegar bifreiðin valt.

Samkvæmt dskj. nr. 14 tók Ólafur H. Oddsson læknir ákærða blóð til alkóhólrannsóknar laugardaginn 17. maí 1980, kl. 1730. Samkvæmt dskj. nr. 15 er niðurstaða blóðrannsóknar þessarar sú, að magn alkóhóls í blóði reyndist vera 2.23‰.

Fyrir sakadómi Dalvíkur í dag játaði ákærði síðan skýlaust að hafa framið brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali.

Niðurstaða.

Með vísan til játningar ákærða og niðurstöðu alkóhólákvörðunar á dskj. nr. 15 telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Telst ákærði með þessu hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákvörðun refsingar.

Með dómssátt í sakadómi Dalvíkur hinn 5. mars 1980 var ákærða gert að greiða kr. 100.000 í sekt til ríkissjóðs og vera sviptur ökuleyfi í 12 mánuði fyrir brot gegn sömu ákvæðum og hann hefur gerst brotlegur við nú. Þetta fyrra brot ákærða hefur því ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú samkvæmt 71. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu svo og með vísan til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968,

sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, svo og til þess, hvernig brot ákærða er framið nú, þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá og með birtingu dóms þessa. Að lokum ber að dæma ákærða með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Alfreð Gústaf Maríusson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá og með birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 149/1979. **Guðrún Ingimundardóttir**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Rósu Sigurþórsdóttur

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1979. Hún gerir þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 16.621.00 krónu, en til vara 10.635.00 krónur. Til þrautavara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar. Í öllum tilvikum krefst hún 19% ársvaxta